

Föstudaginn 18. desember 1936.

Réttvísinn (Lárus Jóhannesson)
gegn

Sigurjóni Sigfússyni
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Maður dæmdur til refsingar fyrir þjófnað.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 22. okt. 1936: Ákærði, Sigurjón Sigfússon, sæti 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar ákærði framdi brot þau, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, var hann að vísu allölvaður, en það verður þó ekki talið, að svo mikið hafi að ölvun hans kveðið, að hann hafi ekki vitað, hvað hann hafðist að, er hann framdi brotin. Varða þau við 6. gr. laga nr. 51/1928, og þykir refsing ákærða fyrir þau hæfilega ákveðin samkv. 8. gr. sömu laga í hinum áfrýjaða dómi, sem því ber að staðfesta með framannefndum athugasemdum.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 75 krónur til hvors.

Það athugast, að kona Tómasar Jónssonar, kaupmanns, er ákærði kvað hafa gefið sér rullupylsur þær, sem í hinum áfrýjaða dómi getur, hefir ekki verið spurð um þetta atriði, og að ekki hefir verið lagt fyrir hæstarétt eftirrit af refsidómum þeim, sem upp hafa verið kveðnir yfir ákærða 17. okt. 1930, 12. marz 1931 og 18. marz 1932.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Sigfússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 75 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Sigfússyni, verkamanni, til heimilis Aðalstræti 18. hér í bæ, fyrir brot gegn 23. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Ákærður er fæddur 12. ágúst 1907, og hefir áður sætt eftirtöldum refsingum og kærur.

1923 26. maí. Kærður fyrir þjófnað og málið afgreitt til dómara.

1928. 1. okt. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 1. maí. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 23. júní. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 27. júní. Sætt 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 1. sept. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 3. okt. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1929 1. des. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1930 12. ág. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1930 17. okt. Sætt 50 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51, 1928. Þýfinu 12—15 kr. virði skilað aftur.

1930 24. des. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 12. marz. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 75 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir þjófnað.

1931 30. ág. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1931 26. sept. Sætt 50 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1932 18. marz. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.

1932 29. marz. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1933 5. okt. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934 12. marz. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1934 12. des. Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 5. apríl. Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1935 5. nóv. Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 24. marz. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51, 1928 með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1936 2. sept. Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 11. okt. Sætt 25 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1) Hinn 10. þ. m. kl. 9,30 að kveldi var ákærður handtekinn af lögreglunni þar sem hann var á almannafæri ölvaður. Var hann þá í rykfrakka og með húfu, er hann hafði hvortveggja tekið á Hótel Skjaldbreið, og ennfremur 3 desertskálar. Forstöðukona hótelsins hefir verið leidd sem vitni í málinu og hefir borið það, að hún hafi orðið vör við ákærðan í forstofu hótelsins, og kvaðst hann þá eiga kápu og húfu er þar hékk, og lét hana hjálpa sér í kápuna; desertskálanna var saknað úr eldhúsinu. Ákærður sjálfur hefir ekki talið sig geta skýrt það, hvernig þetta bar að, vegna ölvunar sinnar, en hvaðst hafa ranglað inn á hótelið án nokkurs sérstaks erindis. Mununum hefir verið komið í hendur eigandans.

2) Hinn 18.þ. m. kl. 2,30 um nóttina var ákærður aftur tekinn ölvaður á almannafæri og hafði þá á sér 3 rúllupylsur. Gerði hann þá grein fyrir þeim, að hann hefði fengið þær hjá konu Tómasar Jónssonar, kjötkaupmanns, annaðhvort að gjöf eða hann þá hefði tekið þær. Hefir ákærði ekki getað gert grein fyrir þessu sakir ölvunar sinnar. Við rannsóknina upplýstist, að frúin hafði engar rúllupylsur gefið honum, en þær voru hins vegar úr verzlun Tómasar. Hafði verið farið inn í kjallara hússins um nóttina og var hann skilinn eftir opinn og upplýstur, þegar vaktmanni verzlunarinnar varð gengið út um tvöleytið. Rúllupylsunum hefir verið komið til eiganda.

3) Þá hefir það upplýstst í málinu, að fyrir nokkru síðan kom ákærður með 15 rúllur af veggfóðri til Rósu Pétursdóttur og gaf henni og kvaðst hafa fengið það í verzluninni Brynju. Voru rúllurnar innpakkaðar í hálfa bók með veggfóðurssýnishornum. Þórður Ámundason, verzlunarmaður í Brynju, sem annast þar afgreiðslu veggfóðurs, hefir verið leiddur sem vitni í málinu. Hefir hann borið, að þessi veggfóðurstegund hafi ekki verið seld úr verzluninni undanfarið, en við athugun á lager verzlunarinnar saknaði hann veggfóðurs af þessari tegund, lagerinn er geymdur í kjallara verzlunarhússins og er gengið í hann úr porti og sá inngangur hafður opinn daglega svo auðvelt er að komast inn án þess að vart verði við. Ákærður hefir sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi verið svo drukkin þennan dag, sem hann útvegaði veggfóðrið, að hann gæti ekki um það sagt, hvort hann hefði keypt það eða tekið það. En með tilliti til framburðar vitnisins Þórðar Ámundasonar, verður að telja sannað, að það sé með ófrjálsu móti fengið. Veggfóðrið hefir verið afhent verzluninni.

Með framangreindu atferli hefir ákærður gerzt sekur við 8. gr. laga nr. 51, 1928, sbr. 63. gr. hegningarlaganna. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaut.
